

spámenn frelsa og gjör meðtækilega fyrir himnanna, dýrð, Jesú ástvinur manna.“

Er þessu var lokið, dró hann djúpt andann, signdi sig, laut til jarðar, og gjörðu allir slíkt hið sama — umsjónarmaðurinn, dýflissuverðirnir, bandingjarnir, en að ofan frá, þar sem bandingjarnir stóðu, barst nú hlekkjahljóðið enn skýrara en áður, meðan á þögninni stóð.

En því næst byrjaði hann aftur.

„Englanna skapari og máttarins drottinn.

Jesú dásamlegasti, englanna undur.

Jesú völdugasti, forfeðra vorra endurlausnari.

Jesú ljúfasti, Patriarkanna vegsemd.

Jesú dýrðlegasti, konunganna megin.

Jesú bezt, spámannanna fullkomnun.

Jesú undursamlegasti, píslarvottanna styrkur.

Jesú lítillátasti, munkanna unaður.

Jesú miskunsamasti, prestanna ljúfur.

Jesú gjafmildasti, föstunnar líknari.

Jesú allra ljúfasti, réttlátra gleði.

Jesú hreinlífasti, einlífsmanna skírlífi.

Jesú fyrir allar aldir syndaranna frelsari.

Jesú, sonur guðs, miskuna þú mér.“

Í hvert skifti og hann endurtók orðið „Jesú“ varð rómur hans enn skrækhljóðaðri en áður. Loksins lauk hann við, og í því tók hann í skóklæði silkikufsins, er hann var í, færði hann undir hönd sér, féll á annað hnéð, grúfði sig til jarðar, og byrjaði þá kórinn að syngja, og endurtók upp aftur og aftur orðin „Jesú, miskuna þú mér.“ Bandingjarnir ýmist féllu fram eða risu á fætur, hristu hástrýið, er eftir var óskorið á höfðum þeirra, aftur af enninu, og hringluðu í hlekkjunum, er skáru og mörðu ökla þeirra, horaða og máttvana.

Þessu fór fram um hríð.

Fyrst var byrjað á „Lofgjörðinni“, er enti á orðunum „miskuna þú mér“, og svo tók við annar lofsöngur, er enti á „Hallelúja“, og bandingjarnir krossuðu fyrir sér, bændu sig og krupu niður, fyrst við hverja setningu, þar næst við aðra hvora